

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hagahverfi – Naustahverfi, 3. áfanga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 29. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Naustahverfis.

Breytingin tekur til lóðarinnar Geirþrúðarhaga 5 og felur í sér að byggingarreitur fyrir íbúð 103 er breikkaður um 1,8 m á 4,3 m löngum kafla á norðurhluta lóðarinnar og innan þeirrar stækkunar verður heimilt að reisa sólskála.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 17. maí 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 5. júní 2023